



Akraneskaupstaður

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr. 40.1	Mótt. af GÍÓ	Mítt 27 FEB. 2015
Áb.m. RA	Úrv.aðili ST.A	Afrit RA/st.A
Símtal	Fölvup.	Fax
Svarfr.	Trún.mál	Fskj.
Málsnr. One 1502247		

UMSÓKN UM BYGGINGARLÓÐ

Hér með er sótt um byggingarlóð

ASPRESKOGUR 18

Húsgerð:

Einbýlishús Raðhús Parhús Fjölbýlishús

Iðnaðarhús Verslunar- eða þjónustuhúsnæði Annað

Innflutt húss

Já Nei

Byggingaráform og framkvæmdahraði:

HOVENN VOR 2015, FRAMMÍ STRAX
BYGGINGAR LÓÐARLÓÐ/SNÆMINN.

Lóðarhafa er óheimilt að framselja lóðarréttindi fyrir en lóðarleigusamningur hefur verið gerður. Skilyrði þess að lóðarleigusamningur verði gerður við lóðarhafa er að hann hafi lokið frágangi á sökklum. Framkvæmdir á lóðinni eru háðar byggingarlögum, byggingarreglugerð, skipulagslögum, skilmálum og ákvæðum, sem bæjarstjórn Akraness setur og fást afhent á skrifstofu tækni- og umhverfissviðs. Umsýslugjald kr. 10.000 (m.v. byggingavísitölu janúar ár hvert) verður innheimt með byggingarleyfisgjöldum. Sjá vinnureglur um úthlutun byggingarlóða á bakhlið.

Með undirritun minni samþykki ég að hlíta þeim vinnureglum sem gilda um úthlutun byggingarlóða á Akranesi og lögum og reglugerðum skv. framangreindu.

Akranesi, 26 / 2 200 2015

nafn <u>Uppbygging RUF.</u>	nafn
Kennitala <u>471113 - 1230</u>	Kennitala
Heimilisfang <u>VÖRKAUÍÖK 5</u>	Heimilisfang
Sími <u>861 - 5769</u>	Sími
Banki - hb. - reikningsnúmer	Banki - hb. - reikningsnúmer

Vinnureglur við úthlutun byggingarlóða á Akranesi

- 1.0 Bæjarráði Akraness er falið það verkefni, í umboði bæjarstjórnar, að sjá um úthlutun byggingarlóða á Akranesi, samkvæmt þessum reglum.
- 2.0 Áður en ný byggingarsvæði eru tilbúin til úthlutunar, skal tækni- og umhverfissvið halda kynningarfund þar sem byggingar- og skipulagsskilmálar svæðisins og aðrir hlutir er tengjast viðkomandi svæði eru kynntir. Slíkan fund skal halda áður en viðkomandi byggingarsvæði er auglýst laust til umsóknar.
- Allar lóðir sem skipulagðar eru skulu auglýstar áður en þeim er úthlutað í fyrsta sinn, þó með möguleika til undantekninga sbr. gr. 3.4. Umsóknarfrestur skal ekki vera skemmri en ein vika.
- Hafi auglýstri lóð ekki verið úthlutað, hún fallið aftur til bæjarins eftir úthlutun eða bæjarráð ekki talið rök til að úthluta henni til umsækjanda, skal skrá slíka lóð strax lausa til umsóknar.
- Verði umsækjendur fleiri en einn um slíka lóð, skal eftir því sem við á fylgja reglum þessum. Sé hins vegar aðeins einn umsækjandi um tilgreinda lóð, er sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs heimilt að úthluta honum lóðinni, enda sé umsókn hans tæk til úthlutunar. Berist engin umsókn innan framangreinds frests skal sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs taka umsókn til afgreiðslu þegar berst og eftir atvikum úthluta lóð. Þessar afgreiðslur skulu staðfestar í bæjarráði.
- 3.0 Við úthlutun lóða skal beita eftirfarandi reglum. Þó er heimilt að taka tillit til sérstakra aðstæðna umsækjanda, enda séu þær rökstuddar:
- 3.0.1 Almennar reglur**
- Sé ekki annað tekið fram í þessum reglum, telst umsókn aðeins gild ef:
- hún er rétt útfyllt á þar til gerðu eyðublaði;
 - henni er skilað innan tilskilins umsóknarfrests;
 - umsækjandi sé fjárráða;
 - Umsýslugjald kr. 10.000 (m.v. byggingavísitölu janúar ár hvert) er innheimt með byggingarleyfisgjöldum. Einstaklingar sem hyggjast sækja um parhús skulu leggja fram eina sameiginlega umsókn. Það sama á við um raðhús og fjölbýlishús. Ein umsókn skal lögð fram fyrir raðhúsalengju án tillits til fjölda íbúða.
 - Einstaklingur sem sækir um byggingarrétt leggur fram skriflega staðfestingu frá banka eða lánastofnun um greiðsluhæfi og mögulega lánafyrirgreiðslu umsækjanda vegna fyrirhugaðrar húsbýggingar. Í auglýsingu skal lágmarksviðmiðun tilgreind vegna einstakra lóða skv. ákvörðun bæjarráðs.
- 3.0.2 Skýrt skal tekið fram við lóðarúthlutun um byggingarfrest á viðkomandi lóð eða byggingarsvæði.
- 3.0.3 Byggingarfrestur verður ekki framlengdur á íbúðarhúsalóðum, nema sterk rök mæli með slíku, enda berist beiðni um það áður en byggingarfrestur rennur út.
- 3.0.4 Umsókn hjóna/sambýlisfólks skal vera sameiginleg.
- 3.0.5 Lóðarhafa er óheimilt að afhenda lóð, sem hann hefur fengið úthlutað, til þriðja aðila fyrr en lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út og honum þinglýst.
- 3.1 Einbýlishúsalóðir og lóðir fyrir par- og tvíbýlishús**
- 3.1.1. Umsækjendur taka þátt í útdrætti um viðkomandi lóðir. Útdráttur fer fram á fundi bæjarráðs að viðstöddum fulltrúa frá sýslumannsembættinu á Akranesi og sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs, þar sem dregið er úr innkomnum umsóknum. Í útdrætti skal annars vegar ákveða hverjum úthluta skuli lóð og hins vegar tilgreina einn aðila til vara.
- 3.2 Aðrar íbúðarhúsalóðir**
- Íbúðarhúsalóðum til byggingar rað- og fjölbýlishúsa er úthlutað að öðru jöfnu til framkvæmdaaðila eða byggingarféлага sem hafa það að markmiði að selja eignirnar til þriðja aðila. Sé ekki annað tekið fram í þessum reglum, telst umsókn aðeins gild ef:
- hún er rétt útfyllt á þar til gerðu eyðublaði;
 - henni er skilað innan tilskilins umsóknarfrests;
 - Umsýslugjald kr. 10.000 (m.v. byggingavísitölu janúar ár hvert) er innheimt með byggingarleyfisgjöldum.
 - Verði umsóknir um hverja lóð fleiri en ein, skal framkvæmdur útdráttur sbr. grein 3.1.1.
 - Í útdrætti skal annars vegar ákveða hverjum úthluta skuli lóð og hins vegar tilgreina einn aðila til vara.
 - Með umsókn lögðila skal ársreikningur síðastliðins árs fylgja.
- 3.3 Aðrar lóðir en íbúðarhúsalóðir**
- Við úthlutun lóða, annarra en íbúðarhúsalóða, skulu umsækjendur tilgreina með glöggum hætti byggingaráform sín og framkvæmdahraða. Leggja ber mat á þarfir umsækjanda til lóðar, en verði ekki hægt að greina á milli umsækjenda á þeim forsendum, skal beita reglum þessum eftir því sem við á hverju sinni. Umsýslugjald kr. 10.000 (m.v. byggingavísitölu janúar ár hvert) er innheimt með byggingarleyfisgjöldum.
- 3.4 Annað**
- Bæjarráði er í sérstökum tilvikum heimilt að veita vilyrði fyrir lóðum, án undangenginna auglýsinga, þegar sótt er um lóðir innan skipulagðra svæða eða á óskipulögðum svæðum. Endanleg úthlutun getur þó ekki farið fram fyrr en að lokinni skipulagsvinnu, sé hennar þörf og að fengnu samþykki bæjarstjórnar.

Sérstakar úthlutunarreglur vegna lóða í Skógahverfi:

- Við úthlutun lóða í Skógahverfi voru settar sérstakar viðmiðunarreglur til viðbótar almennum reglum og eru þær eftirfarandi:
- a) Lóðunum verður úthlutað til einstaklinga sem eru 18 ára og eldri og hafa ekki fengið úthlutað lóð á Akranesi eftir 1. janúar 2003. Við úthlutun lóða verður einbýlishúsa- og parhúsalóðum eingöngu úthlutað til einstaklinga í fyrstu umferð. Gangi ekki allar lóðir út, verður öllum opið að sækja um.
 - b) Umsækjendur skulu tilgreina í umsókn sinni hvort sótt er um einbýlis- eða parhúsalóð en ekki ákveðið lóðarnúmer. Tveir einstaklingar skulu sækja sameiginlega um parhúsalóð og báðir skulu undirrita lóðarumsóknina.
 - c) Við úthlutun lóðanna verður dregið úr hópi umsækjenda og þeim í útdráttarröð heimilað að velja þá lóð sem laus er. Við útdrátt á valrétti hjá bæjarráði Akraness munu umsóknir um einbýlishúsalóðir verða dregnar út á undan umsóknum um parhúsalóðir. Þeir sem öðlast valrétt verða síðan boðaðir til fundar þar sem lóðaval fer fram. Þeir sem þá ekki mæta eða senda fulltrúa sinn með skriflegt umboð teljast hafa fallið frá umsókn sinni.
 - d) Að öðru leyti gilda vinnureglur um úthlutun byggingarlóða á Akranesi sem samþykktar voru á fundi bæjarráðs Akraness þ. 27. feb. 2003 með síðari breytingum.

Breyting samþykkt í bæjarráði Akraness 25. október 2007.

Breyting varðandi umsýslugjald samþykkt í bæjarráði 7. febrúar 2008.

Akranesi, 7. febrúar 2008
Jón Pálmi Pálsson bæjarritari (sign)